

# Samkomulag um notkun sjálfskuldarábyrgða

Að samkomulagi þessu standa Samband íslenskra viðskiptabanka f.h. viðskiptabanka, Samband íslenskra sparisjóða f.h. sparisjóða, Kreditkort hf., Greiðslumiðlun hf., Neytendasamtökum og viðskiptaráðherra og félagsmálaráðherra af hálfu stjórnvalda. Önnur fjármálfyrirtæki eða samtök fjármálfyrirtækja geta einnig gerst aðilar að samkomulagi þessu.

## 1. Markmið.

Til þess að tryggja sig gegn greiðslufalli greiðanda hafa íslensk fjármálfyrirtæki treyst mjög á sjálfskuldarábyrgðir og fasteignatryggingar. Um nokkurt skeið hafa þau hins vegar unnið að því að draga úr vægi sjálfskuldarábyrgða. Aðilar að samkomulagi þessu eru sammála um gildi þeirrar stefnu og að lánveitingar verði í auknum mæli eingöngu miðaðar við greiðslugetu greiðanda og eigin tryggingar hans. Með samkomulaginu eru settar meginreglur til verndar ábyrgðarmönnum í þeim tilvikum er sjálfskuldarábyrgð er sett til tryggingar fjárhagslegri skuldbindingu.

## 2. Gildissvið.

Samkomulag þetta tekur til allra sjálfskuldarábyrgða á skuldabréfalaum, víxlum og öðrum skuldaskjölum, á yfirdráttarheimildum á tékkareikningum og á úttektum með kreditkortum nema annað sé tekið fram í einstökum ákvæðum þess.

Með sjálfskuldarábyrgð er í samkomulagi þessu átt við ábyrgð sem einstaklingur, ábyrgðarmaður, gengst í fyrir annan einstakling, greiðanda, og er til tryggingar fjárhagslegri skuldbindingu, s.s. láni eða úttekt með kreditkorti. Í ábyrgðinni felst að ábyrgðarmaður ábyrgist að greiða skuldina, áfallna vexti, þ.m.t. dráttarvexti, verðbætur og kostnað sem hún væri hans eigin, komi til greiðslufalls hjá greiðanda.

Samkomulagið gildir óháð því hvort til ábyrgðarinnar er stofnað með áritun á skuldabréf, víxil eða annað skuldaskjal eða með útgáfu sérstakrar ábyrgðaryfirlýsingar.

Samkomulagið tekur einnig til einfaldrar ábyrgðar sem og til þess er einstaklingur hefur gefið út leyfi til að veðsetja fasteign sína til tryggingar skuldum annars einstaklings.

## 3. Mat á greiðslugetu.

Sé sjálfskuldarábyrgð sett til tryggingar fjárhagslegri skuldbindingu ber fjármálfyrirtæki að meta greiðslugetu greiðanda með þeim aðferðum sem þar tilökast óski ábyrgðarmaður eftir því áður en hann gengst í ábyrgð. Á lánumsumsókn eða öðrum gögnum sem fyllt eru út í tengslum við afgreiðsluna skal ábyrgðarmaður

staðfesta skriflega hvort hann óski eftir því að greiðslugeta greiðanda verði metin eða ekki.

Fjármálafyrirtæki er þó skylt að greiðslumeta greiðanda þegar óskað er sjálfskuldarábyrgðar til tryggingar fjárhagslegri skuldbindingu sem nemur meira en einni milljón króna.

Tryggt skal að ábyrgðarmaður geti kynnt sér niðurstöðu greiðslumats áður en hann gengst í ábyrgðina enda liggi fyrir að greiðandi hafi samþykkt það. Fjármálafyrirtæki ber að upplýsa ábyrgðarmann ef niðurstaða greiðslumats bendir til að greiðandi geti ekki efnt skuldbindingar sínar.

#### **4. Upplýsingagjöf til ábyrgðarmanns áður en til sjálfskuldarábyrgðar er stofnað.**

Fjármálafyrirtækjum ber að gefa út upplýsingabæklinga um sjálfskuldarábyrgðir og dreifa með skjölum sem afhent eru ábyrgðarmönnum til undirritunar. Í bæklingunum komi m.a. fram hvaða skyldur felast í ábyrgðinni, heimild ábyrgðarmanns til að segja ábyrgðinni upp, heimild hans til að óska eftir greiðslumati og heimild hans til að bera ágreiningsmál vegna ábyrgðarinnar undir Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki náist ekki sátt milli hans og fjármálafyrirtækisins.

Með undirritun lánsumsóknar eða annarra gagna sem fyllt eru út í tengslum við afreiðsluna staðfestir ábyrgðarmaður að hann hafi kynnt sér efni upplýsingabæklings um ábyrgðir. Einnig komi þar fram ef ráðgert er að meira en helmingi lánsfjár verði varið til að endurgreiða önnur lán greiðandans hjá fjármálafyrirtækinu.

#### **5. Upplýsingagjöf til ábyrgðarmanns eftir að til sjálfskuldarábyrgðar er stofnað.**

Fjármálafyrirtæki ber að tilkynna ábyrgðarmanni um vanskil sem verða á fjárhagslegri skuldbindingu sem hann er í ábyrgð fyrir.

Fjármálafyrirtæki breytir ekki skilmálum láns eða annarrar fjárhagslegrar skuldbindingar sem tryggð er með sjálfskuldarábyrgð nema með samþykki ábyrgðarmanns. Með skilmálum í þessu sambandi er átt við lánstíma, afborganir og tryggingar ef aðrar tryggingar en sjálfskuldarábyrgð eru til staðar. Það teljast hins vegar ekki breyttir skilmálar þótt vextir hækki eða lækki í samræmi við upphaflegt samkomulag við lánveitingu. Það teljast heldur ekki breyttir skilmálar þótt almennar breytingar verði á skilmálum tékkareikninga eða annarra reikninga með yfirdráttarheimild eða á skilmálum kreditkorta.

#### **6. Sérákvæði um yfirdráttarlán.**

Sé sjálfskuldarábyrgð sett til tryggingar yfirdráttarheimild á tékkareikningi er fjármálafyrirtæki heimilt að breyta henni án samþykkis ábyrgðarmanns enda miðist ábyrgð hans við tiltekna hámarksfjárhæð.

Sjálfskuldarábyrgð fyrir yfirdráttarheimild tékkareiknings skal ekki nema hærri fjárhæð en sem yfirdráttarheimildinni nemur þegar ábyrgðin er veitt og ekki gilda lengur en í fjögur ár frá útgáfudegi.

#### **7. Sérákvæði um kreditkort.**

Sé sjálfskuldarábyrgð sett til tryggingar úttekt með kreditkorti skal hún aldrei nema hærri fjárhæð en tvöfaldri mánaðarlegri úttektarheimild korthafa þegar ábyrgðin er veitt og ekki gilda lengur en í fjögur ár frá útgáfudegi.

Fjármálaufyrirtæki er heimilt að breyta úttektarheimild kreditkorts án samþykkis ábyrgðarmanns enda miðist ábyrgð hans við tiltekna hámarksfjárhæð, sbr. 1. mgr. þessarar greinar.

Ábyrgðarmanni skal tilkynnt ef samið er við korthafa um uppgjör vanskilaskuldar. EKKI þarf að tilkynna ábyrgðarmanni ef samið er um ógjalfallna skuld með því að dreifa henni á næstu úttektartímabil (greiðsludreifing).

Sé mánaðarleg úttekt korthafa, sem fallin er í gjalddaga, ógreidd við næsta gjalddaga þar á eftir skal fjármálaufyrirtæki stöðva notkun kortsins. Berist um það ósk frá korthafa sem staðfest er með skriflegu samþykki ábyrgðarmanns má þó heimila notkun kortsins að nýju.

#### **8. Aldur ábyrgðarmanna.**

Fjármálaufyrirtækjum ber að miða við að aldur ábyrgðarmanna sé yfirleitt ekki lægri en 20 ár og ekki hærri en 70 ár.

#### **9. Ýmis ákvæði.**

Óheimilt er að stofna til sjálfskuldarábyrgðar eftir gildistöku samkomulags þessa án þess að tilgreina fjárhæð skuldbindingarinnar.


Aðilar að samkomulagi þessu skulu meta árangurinn af því eigi sjaldnar en á tveggja ára fresti frá gildistöku þess.

Aðilum er heimilt að óska eftir viðræðum um frekari ráðstafanir til að draga úr sjálfskuldarábyrgðum og bæta stöðu ábyrgðarmanna.


Aðilar að samkomulagi þessu eru sammála um nauðsyn þess að auðvelda fjármálaufyrirtækjum að afla sér upplýsinga um fjárhagsstöðu einstaklinga að því marki sem lög leyfa. Það er forsenda fyrir því að unnt sé að meta greiðslugetu greiðanda með áreiðanlegum hætti. Fjármálaufyrirtæki munu vinna að því á árinu 1998 að koma á fót kerfi þar sem upplýsingum um fjárhagsmálefni er miðlað að fengnu samþykki viðskiptamanns í samræmi við þá niðurstöðu sem fram kemur í skýrslu nefndar sem félagsmálaráðherra skipaði til þess að fjalla um aukið aðgengi lánveitenda að upplýsingum um fjárhagsstöðu einstaklinga.

Samkomulag þetta tekur gildi frá og með 1. maí 1998. Lokamálsliður 3. gr. öðlast þó ekki gildi fyrr en fjármálfyrirtæki hafa komið á fót kerfi þar sem upplýsingum um fjárhagsmálefni er miðlað að fengnu samþykki viðskiptamanns, sbr. 4. mgr. þessarar greinar, en þó ekki síðar en 1. desember 1998. Komi í ljós að atriði sem ekki eru á valdi fjármálfyrirtækja koma í veg fyrir að þau geti komið á fót kerfi þar sem upplýsingum um fjárhagsstöðu er miðlað, þá geta þau sagt upp 3. gr. samkomulagsins með eins mánaðar fyrirvara.


Reykjavík, 27. janúar 1998.



Viðskiptaráðherra




Félagsmálaráðherra



F.h. Sambands ísl. viðskiptabanka



F.h. Sambands ísl. sparisjóða



F.h. Greiðslumiðlunar hf.



F.h. Kreditkorta hf.



F.h. Neytendasamtakanna